

Fundargerð 37. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Skjálfti, fundarherbergi í Tæknigarði HÍ.

Tími: 6. desember 2016 kl. 09:10

Viðstaddir: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA) Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG) og Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ).

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar
2. Eftirfylgni málþings um örplast.
3. Eftirfylgni málþings um öryggi neysluvatns – litla vatnsveitur
4. Hönnunarregnskúrir
5. Norrænt samstarf
6. Önnur mál

1. Fundargerð 35 og 36. stjórnarfundar

Fundargerðir 35. og 36. stjórnarfundar voru samþykktar með leiðréttingum.

2. Eftirfylgni málþings um örplast

Ákveðið var að setja fyrirlestra á heimasíðu félagsins ásamt öðrum gögnum tengd málþinginu.

3. Eftirfylgni málþings um öryggi neysluvatns – litlar vatnsveitur

Verið er að skrifa grein í kjölfar erindis MJG á Norrænu vatnsveituráðstefnunni. Búið er að skipa starfshóp um litlar vatnsveitur á vegum Atvinnuvega og Nýsköpunarráðuneytisins.

4. Hönnunarregnskúrir

Veitur hefur áhuga á að þetta regnmælanet á höfuðborgarsvæðinu. Háskóli Íslands hefur áhuga á að setja upp veðurstöð í Urriðaholti í tengslum við rannsóknir á blágrænum ofanvatnslausnum í Urriðaholti í Garðabæ í óblíðri veðráttu. Rætt var að ÍÞ og HÓA fundi með Veðurstofu Íslands til þess að kynna þessi verkefni og mögulega aðkomu þeirra að mælingum og afnot af gögnum þannig að þau nýtist sem flestum. Umræðu um stofnun ofanflóðsnefndar var frestað.

5. Norrænt samstarf

Ákveðið var að senda jólakveðju á systursamtök VAFRÍ á Norðurlöndunum.

6. Önnur mál

Uppfærsla heimasíðu er í vinnslu, breytingar á henni verða kynnt félagsmönnum bráðlega. Auglýsingamál masterskúrs HÍ um vatnsveitur og heilnæmi vatns voru rædd.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 10.jan kl.09:10 í HÍ.

Fundi var slitið kl. 10:45.

Fundarritari: Arndís Ósk Ólafsdóttir, arndisoo@veitur.is